

við Englendinga, er ekki ófróðlegt að vita, hversu því hefir verið háttað til forna; enda er eitt hverjum manni ljóst, að forfedur vorir hafa verið óhræddari við útlensk fræði, en vér erum sumir hverir nú. En svo var það nú öðru máli að gegna þí.— Þeir voru heiðnir, en — vér erum kristnir.

Grein þessi er einhver sú skemmtilegasta til aflestrar, sem vér höfum séð, eins og allt eftir þann mann. Þar kennir hinnar sömu skarpskyggni, glaðværðar og kaldhæðni sem í kvæðum hans. Hann segir frá, sem honum er lagið, án þess að þurfa að láta hafa fyrir sér svörin, og fylgir þeim lestrarreglum einbeittlega, er hann hefir sjálfur sett, að lesa „ekkert öfugt gegnum annara gler.“]. —

SKIPAN ENSKU KYRKJUNNAR.

Þess var fyr getið, að Englar hefðu tekið við kristninni bæði frá Róm og líka frá Keltum, nábúum sínum. Kyrkja Kelta var þá gömul orðin og hafði verið óháð páfa um langan aldur, og orðin ólík Rómakyrkjinni í ýmsum greinum. Tíðagjörð öll var nokkuð önnur, og klerkar Skota og Íra gerðu sér ekki koll sem Rómaklerkar, og rökuðu að eins krúnuna um þvert höfuð aftur að eyrum, en verst var, að þá greindi á um páskahald. Rómaklerkar héldu páska næsta sunnudag eftir fullt páskatungl, en Keltar héldu þá fyllingardaginn sjálfan, ef hann bar upp á sunnudag. Þessi tvískinnungur á helgihaldinu varð til þess, að Oswin konungur í Berenicia, írsk-kristinn, sat að páskaveizlu með vinum sínum við hangiketstrog og ölteiti, meðan drottning hans, róm-kristin, sat með liði sínu í sorgarklæðum og maulaði harðan fisk, og var ekki komin lengra á föstuna en fram að Pálma. — Allir sáu að hér var komið í óvænt efni, og lét því Oswin konungur kalla saman hæstu pótentáta beggja flokkanna, hins írska og rómverska, og eftir mikla vafninga komust þeir að þeirri niðurstöðu, að Columba, Íradýrðlingur, hetði reiknað skakkt, því hinn reikningurinn væri eftir sankti Pétur, og þá lýsti konungur yfir því, að hann ynni það ekki til vináttu Columbu eða neins annars, að hafa Pétur á móti sér, og verða svo að standa úti, þegar hann kæmi til himnaríkis, af því að Pétur vildi ekki ljúka upp. Hér bar því Rómakyrkjan hærra hlut og réð síðan miklu